

„VIÐ SKIPTUM MÁLI FYRIR SAMFÉLAGIÐ“. SAMFÉLAGSLEGT MIKILVÆGI OG FLÓKIN SAMKEPPNISSTAÐA TVEGGJA FRAMHALDS- SKÓLA Í DREIFÐUM BYGGÐUM

Markmið rannsóknarinnar sem grein þessi fjallar um er að öðlast skilning á veruleika tveggja fámennra framhaldsskóla utan höfuðborgarsvæðisins, gildi þeirra í nærsamfélaginu, stöðu þegar kemur að samkeppni um nemendur og leiðum til að styrkja tilvist sína, með staðarsamhengi þeirra í huga. Greinin er byggð á viðtölum við stjórnendur, kennara og nemendur í skólunum tveimur og varpar því ljósi á viðfangsefnið frá mismunandi sjónarhornum. Niðurstöður benda til þess að skólarnir séu mikilvægir samfélaginu, enda þjóna þeir nemendum á svæðunum, halda uppi menntunarstigi og eru með stærri vinnustöðum í viðkomandi byggðarlögum. Reynt var að virkja tengsl við atvinnulíf við skipulag námsframboðs og kennslu og nærumhverfið og náttúran var nýtt til að dýpka nám nemenda og tengja það við raunveruleikann. Viðmælendur bentu á ýmsar áskoranir sem tengdust smæð og staðsetningu skólanna, einkum út frá rekstrarforsendum og námsframboði. Í framhaldsskólaumhverfi sem gerir ráð fyrir að skólar keppi um nemendur er ljóst að báðir skólarnir voru í brothættri stöðu og þurftu stöðugt að leita nýrra tækifæra til að viðhalda nemendafjölda.

Efnisorð: framhaldsskólar, dreifðar byggðir, samkeppni og markaðsvæðing, staðarsamhengi, félagslegt réttlæti

INNGANGUR

Framhaldsskólum utan höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað undanfarna áratugi og samhliða því hafa tækifæri fyrir nemendur af landsbyggðinni til að sækja sér menntun nær heimahögum aukist. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlandis á tilvist framhaldsskóla á landsbyggðinni varpa ljósi á mikilvægi þeirra fyrir nærsamfélagið (Halldóra Sigríður Halldórsdóttir, 2019; Jónína Hrönn Símonardóttir, 2016; Þuríður J. Jóhannsdóttir, 2017) en nokkuð ljóst er að aðstæður og áskoranir lítilla landsbyggðarskóla eru um margt aðrar en framhaldsskóla í stærri byggðarlögum. Þó hafa fáar rannsóknir beinst sérstaklega

að smærri framhaldsskólum utan stórra þéttbýlissvæða hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum (Beach o.fl., 2018; Bæck, 2015) sem og í alþjóðlegu samhengi (Hargreaves o.fl., 2009).

Einnig hefur sérstaklega verið bent á mikilvægi þess að rannsakendur sem beina sjónum sínum að aðstæðum utan stærri þéttbýliskjarna dragi fram mismunandi staðar-samhengi (e. spatiality) dreifbýlisstaða, byggt á félagslegum forsendum frekar en landfræðilegum (Bæck, 2015), enda aðstæður afar mismunandi milli ólíkra svæða. Í þessu samhengi má benda á að nokkuð er vitað um mun á stöðu nemenda eftir búsetu á Íslandi, til dæmis hvað varðar brotthvarf, námsgengi, menntun foreldra og námsval (sjá t.d. Hagstofu Íslands, 2018; Jón Torfa Jónasson og Kristjönu Stellu Blöndal, 2002; Þórodd Bjarnason, 2018), en minni áhersla hefur verið lögð á að öðlast skilning á flóknu samspili menntunar, búsetu, samfélags og ýmissa félagslegra þátta (sjá þó t.d. Berglindi Rós Magnúsdóttur o.fl., 2020; Þorlák Axel Jónsson, 2019). Nýlegar rannsóknir hafa þar að auki varpað ljósi á það samkeppnisumhverfi sem íslenskir framhaldsskólar búa við, þar sem skólar keppa um nemendur og leita leiða til að marka sér sérstöðu (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018), en lítið hefur verið rætt um stöðu lítilla landsbyggðarskóla í því samhengi. Þessari grein er að einhverju marki ætlað að fylla upp í þetta gat í rannsóknum, með því að beina sjónum sérstaklega að tveimur fámennum framhaldsskólum á landsbyggðinni og leggja áherslu á að draga fram þætti sem tengjast sérstaklega staðsetningu skólanna til að öðlast skilning á veruleika þeirra og áskorunum; bæði það sem greinir þá að og það sem þeir eiga sameiginlegt. Að auki bætir þessi grein við fyrri þekkingu þar sem fjallað er um viðfangsefnið út frá viðhorfum nemenda, kennara og skólastjórnenda með viðtölum, en þekking á stöðu nemenda og skóla eftir búsetu hefur hingað til aðallega byggst á tölfræðirannsóknum og sýn þessara hópa sem hér eru hafðir til grundvallar hefur lítið verið skoðuð í sameiningu.

Í ljósi framangreinds er markmið rannsóknarinnar sem grein þessi fjallar um að öðlast dýpri skilning á veruleika tveggja fámennra framhaldsskóla utan höfuðborgarsvæðisins, gildi þeirra í nærsamfélaginu, stöðu þegar kemur að samkeppni um nemendur og leiðum þeirra til að styrkja tilvist sína, með staðarsamhengi þeirra í huga. Veruleiki þessara skóla er annar en stærri skóla á höfuðborgarsvæðinu og í fjölmennara þéttbýli á landsbyggðinni, ekki síst þegar kemur að því að laða að sér nemendur og starfsfólk og halda úti námsframboði. Aðstæður geta einnig verið afar mismunandi milli svæða, til dæmis hvað varðar samgöngur, atvinnulíf og nemendafjölda. Lagt er upp með eftirfarandi tvær rannsóknarspurningar, annars vegar er spurt hvert sé samfélagslegt mikilvægi skólanna í því samhengi sem þeir starfa og hins vegar hver samkeppnisstaða þeirra sé á íslenskum framhaldsskólavettvangi. Áður en lengra er haldið verður gerð grein fyrir fræðilegum forsendum rannsóknarinnar, bæði þeim sem lúta að framhaldsskólanámi í dreifðum byggðum og samkeppnisumhverfi framhaldsskóla.

Framhaldsskólastarf og dreifðar byggðir

Það er ekki endilega augljóst hvaða skólar falla undir þá skilgreiningu að vera litlir skólar í dreifbýli (e. rural areas). Bent hefur verið á að afmörkunin sé yfirleitt flóknari en svo að

hana megi miða við fjöldatölur eingöngu, enda háð aðstæðum, fjarlægðum og samhengi á hverju svæði fyrir sig. Við leitum til Beach og félaga (2018), sem hafa markvisst skoðað rannsóknir á skólum í dreifðum byggðum, sérstaklega á Norðurlöndum, en samkvæmt þeim er þrenns konar flokkun algengust til að afmarka dreifbýl svæði í rannsóknum;

a) fámenn eða í meðallagi þéttbýl svæði (e. intermediate rural areas) þar sem atvinnulíf einkennist af frumvinnslugreinum (landbúnaði og sjávarútvegi), úrvinnslugreinum (svo sem iðnaði) og þjónustugreinum (svo sem ferðamennsku) og eru í tæplega klukkustundar akstursfjarlægð frá stærri byggða- og þjónustukjörnum;

b) strjálbýl svæði (e. sparsely populated areas) sem einkennast aðallega af litlum þorpum og smærri byggðakjörnum þar sem megináherslan er á frumvinnslugreinarnar og stundum ferðamennsku; og

c) lítil úthverfi stærri byggðarlaga (e. peri-urban metropolitan areas).

Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands (2020) eru 58 byggðakjarnar á Íslandi með á bilinu 200 til 5.000 íbúa og í þeim búa um 16% landsmanna. Um 6% landsmanna búa í strjálbýli, en í þann flokk falla þorp og staðir þar sem íbúar eru færri en 200. Fyrstu tveir flokkar Beach og félaga (2018) ná ágætlega utan um íslenska byggðakjarna, þorp og staði með færri en 5.000 íbúa. Þegar við ræðum um fámenna framhaldsskóla í dreifðari byggðum miðum við því við að þeir séu í byggðakjörnum eða bæjum þar sem íbúar eru 5.000 eða færri og teljast ekki vera úthverfi stærri byggðarlaga. Alls eru 11 framhaldsskólar, víðsvegar um landið, sem falla undir þessi viðmið. Þeir eru allir frekar fámennir, eða með færri en 500 skráða nemendur þegar þessi rannsókn fór fram (þingskjal nr. 429/2015–2016). Skólarnir tveir sem hér eru til umfjöllunar eru í þeim flokki.

Í fræðilegri umræðu um rannsóknir á skólastarfi í dreifbýli hefur verið gagnrýnt að þær séu gjarnan gerðar út frá sjónarhorni þéttbýlis (Farrugia, 2014; Hargreaves o.fl., 2009) og að umræðan einkennist af því sem litla skóla í dreifðum byggðum skortir í samanburði við stærri skóla. Þannig séu forsendur þéttbýlisskóla hin sjálfgefna og ráðandi nálgun á vettvangi rannsókna. Fræðafólk hefur jafnframt bent á að orðræða um líf og starf í dreifðari byggðum einkennist gjarnan af tvíhliða sjónarhorni. Í því felist að strjálbýli og litlum byggðakjörnum sé annars vegar stillt upp á rómantískan hátt, þar sem heilbrigði, náttúruvegur og hugarró ræður ríkjum, og hins vegar að dregin sé upp litlaus og óspennandi mynd af samfélagi skorts og stöðnunar (t.d. Beach og Arrazola, 2020). Öhrn (2012) tekur undir þetta og gagnrýnir einhliða birtingarmynd af ungu fólki í dreifðari byggðum Svíþjóðar. Myndin sem dregin sé upp sé gjarnan af fólki á jaðrinum, sem glímur við margvísleg vandamál og er frá efnahagslega og menningarlega fátækum heimilum.

Raunveruleiki landsbyggðarsvæða er mun flóknari og fjölbreyttari en þessi mynd sýnir. Bent hefur verið á að dreifðari byggðir búi yfir fjölbreyttum björgum og íbúar séu lausnamiðaðir, ekki síst þegar kemur að því að halda úti námi og nýta styrkleika nærsamfélagsins. Sem dæmi fær staðbundin náttúra, saga og menning gjarnan rými í starfi og námskrám skóla í dreifðari byggðum, umfram það sem almennt er gert ráð fyrir (Beach og Arrazola, 2020; Beach o.fl., 2019). Á Íslandi hafa framhaldsskólar í dreifðum byggðum þróað námsleiðir sem endurspeglar áherslur í atvinnulífi á viðkomandi búsetusvæðum. Sjúkraliðanám er í boði í framhaldsskólum í grennd við sjúkrahús sem þjóna viðkomandi

landsfjórðungi, eins og til dæmis í Neskaupsstað og á Ísafirði. Á Höfn í Hornafirði er hægt að stunda nám í ferðabjónustugreinum og á Austurlandi og Vesturlandi er hægt að stunda nám tengt sjávarútveginum. Þannig eru dæmi um að náttúra og atvinnulíf í nágrenni lítilla skóla hafi áhrif á námsframboð þeirra (sjá einnig Halldóru Sigríði Halldórsdóttur, 2019; Þuríði J. Jóhannsdóttur, 2017).

Á Íslandi, eins og annars staðar á Norðurlöndum, hefur þróunin verið sú að sveitarfélög hafa lokað litlum grunnskólum í dreifðari byggðum vegna fólksfækkunar og í hagræðingarskyni (Lind og Stjernström, 2015; Mennta- og menningarmálaráðherra, 2014). Annars staðar á Norðurlöndum finnast einnig dæmi um slíkar lokanir á framhaldsskólastiginu. Í Svíþjóð hefur til dæmis fjölmörgum framhaldsskólum verið lokað undanfarna tvo áratugi og sífellt fleiri sveitarfélög eru án framhaldsskóla (Fjellman o.fl., 2019). Athyglisvert er að í tilfelli íslenskra framhaldsskóla hefur þróunin ekki verið sú sama. Í skýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá árinu 2006 er bent á að foreldrar flytjist gjarnan búferlum með börnum sínum þegar þau fara í framhaldsskólánám, og þannig missi sveitarfélög ekki aðeins heilu árgangana úr samfélaginu heldur einnig foreldra þessara barna. Í því samhengi má benda á að í niðurstöðum meistaraánnsóknar Líneyjar Bjargar Sigurðardóttur (2010), þar sem gerður var samanburður á stuðningi og hvatningu foreldra á Vestfjörðum og í Reykjavík til framhaldsskólagöngu barna sinna, kom fram nokkur munur eftir búsetu. Foreldrar af Vestfjörðum höfðu meiri áhyggjur af því að tengsl þeirra við börn sín minnkuðu færu þau burt í framhaldsskóla. Einnig hafa rannsóknir sýnt að skortur á félagslegum stuðningi frá fjölskyldu og vinum geti leitt til erfiðleika og sé áhættuþáttur þegar kemur að brotthvarfi nemenda sem sækja skóla fjarri heimahögum (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Líney Björg Sigurðardóttir, 2010). Í þessu samhengi þarf því ekki að koma á óvart að fjölskyldur sem búa fjarri framhaldsskóla hugsu sér til hreyfings þegar börnin ná framhaldsskólaaldri. Ein niðurstaða fyrrnefndrar skýrslu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (2006) snerist um mikilvægi þess að stofna framhaldsskóla beinlínis til að efla byggð á ákveðnum svæðum, draga úr fólksfækkun og efla atvinnulíf. Í takt við skilaboð skýrslunnar voru þrjár nýir framhaldsskólur stofnaðir utan höfuðborgarsvæðisins á árunum 2006 til 2010. Niðurstöður rannsókna á stofnun framhaldsskóla í dreifðum byggðum benda til þess að skólarnir hafi jákvæð áhrif á byggðapróun (Åberg-Bengtsson, 2009; Autti og Hyry-Beihammer, 2014). Þeir hafa áhrif á atvinnulíf á viðkomandi svæði, bæði með framboði á störfum og kaupum á vörum og þjónustu í nærsamfélaginu (Autti og Hyry-Beihammer, 2014; Kilpatrick o.fl., 2002; Woods, 2006), en einnig með því að ýta undir lifandi samfélags- og menningarstarf (Autti og Hyry-Beihammer, 2014).

Einnig hefur verið bent á þær áskoranir sem mæta fámennum skólum í dreifðum byggðum. Rekstrargrundvöllur þeirra er oft erfiður og það getur reynst erfitt að halda uppi kennslu í öllum þeim námsgreinum sem námskrár gera ráð fyrir og tryggja að til starfa fáiast sérhæfðir kennarar (Hammer o.fl., 2005; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006). Námsframboð í litlum skólum er þar af leiðandi yfirleitt takmarkað (Magnús Þorkelsson, 2011), sérstaklega þegar kemur að starfsnámi. Það er því ekki alls staðar sem nemendur eiga þess kost að stunda starfsnám í grennd við heimili sitt. Þrátt fyrir það hafa rannsóknir sýnt að ungmenni á landsbyggðinni sýna starfsnámi frekar áhuga en

ungmenni á höfuðborgarsvæðinu (Guðrún Björg Karlsdóttir, 2014; Svanhildur Svavarsdóttir, 2010), en nemendur á landsbyggðinni eru tvisvar sinnum líklegri til að hafa lokið starfsnámi en nemendur á höfuðborgarsvæðinu (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Menntamarkaður og samkeppnisstaða skóla

Um skeið var landinu skipt í framhaldsskólaumdæmi og báru þá skólar í hverju umdæmi ábyrgð gagnvart nærsamfélagi sínu hvað varðaði inntöku nemenda (reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990). Horfið var frá því fyrirkomulagi árið 2000 og undanfarna tvo áratugi hefur framhaldsskólakerfið verið formlega skilgreint sem eitt skólasvæði og val nemenda um framhaldsskóla því verið frjálst (reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000). Þessi breyting er í takt við þróun síðustu áratuga víða um heim í átt að aukinni markaðsvæðingu skólavals (Ball og Youdell, 2008; Dovemark o.fl., 2018; Lundahl o.fl., 2013). Nemendum er þannig gert að keppa um pláss í þeim skóla sem þeir hyggest stunda nám við og skólarnir markaðssetja sig í þeim tilgangi að laða að nemendum sem falla að ímynd og markmiðum skólanna. Núgildandi aðalnámskrá framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) styður slíka markaðssetningu með því að bjóða upp á mikið frelsi í mótun skólanámskrár, og gerir skólunum þannig auðveldara að marka sér sérstöðu.

Hugmyndafræðin um markaðssetningu skólavals byggist meðal annars á því að nemendur velji á ígrundaðan hátt bæði skóla og námsleið og litið er fram hjá því að ekki hafi allir jafnt aðgengi að slíku vali, til dæmis vegna búsetu, félagslegrar stöðu (Connell, 2013; Dovemark o.fl., 2018) og námsgengis (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018). Frelsi nemenda til að velja sér framhaldsskóla á í meginatriðum aðeins við um þá sem eru námslega sterkir og fyrir nemendur af landsbyggðinni skiptir einnig máli að vera í sterkri efnahagslegri stöðu því talsverður kostnaður getur hlotist af því að stunda nám fjarri heimabyggð. Ekki hafa allir foreldrar ráð á því að senda börn sín burt til náms og það hefur sýnt sig að kostnaður við nám hefur áhrif á val landsbyggðarnema á framhaldsskólum (Fjellman o.fl., 2019; Líney Björg Sigurðardóttir, 2010; Rosvall o.fl., 2018). Upptökusvæði skólanna einskorðast því að mestu við staðsetningu þeirra. Þegar rætt er um upptökusvæði framhaldsskóla er átt við þau svæði sem ætla má að viðkomandi skóli þjóni helst. Eru þau hvorutveggja afmörkuð af staðsetningu skólanna og hefðum sem skapast hafa í gegnum tíðina, enda er ekki til nein formleg skipting í skólasvæði á framhaldsskólastigi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006). Þannig geta upptökusvæði skóla skarast, til dæmis vegna mismunandi námsframboðs, og jafnframt raskast ef nýir skólar eru stofnaðir á svæði sem hefð var fyrir að aðrir skólar þjónuðu. Einnig eru nokkrir skólar á landsbyggðinni með heimavist, sem gefur þeim kost á að laða til sín nemendur víða að og stækka þannig hið óformlega upptökusvæði sitt.

Þegar litið er til skólanna sjálfra er ljóst að þeir standa mismunandi vel að vígi í samkeppni um nemendur og í raun eru örfáir framhaldsskólar, einkum á höfuðborgarsvæðinu, í þeirri stöðu að ásókn í þá sé nógu mikil til að þeir geti valið nemendur inn eftir einkunnum (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018). Þannig kristallast erfið samkeppnisstaða flestra landsbyggðarskóla í því að í inntökuskilyrðum er meiri áhersla á háar einkunnir meðal skóla á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, þar sem

fámennari skólar bjóða gjarnan alla umsækjendur velkomna (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018). Framhaldsskólar í smærri byggðum eru því jafnan í erfiðri samkeppnisstöðu þegar kemur að því að laða að sér nemendur því fjöldi nemenda í nágrenni þeirra er takmarkaður og ákveðinn hópur námslega og efnahagslega sterkra nemenda hefur meira val um nám en þeir sem veikar standa. Þeir nemendur sem ekki geta valið að fara burt til náms, vegna efnahagslegrar stöðu eða annarra þátta, hafa þá ekki val um annað en þann skóla sem næstur er. Annar raunveruleiki sem skólar í fámennum byggðalögum þurfa að glíma við er metnun á námsframboði, sérstaklega þegar kemur að starfsnámi. Þannig eru meiri sveiflur þar í eftirspurn og litlir skólar þurfa því gjarnan að sýna meiri sveigjanleika og frumkvæði til að bregðast við viðkvæmum og síbreytilegum skólamarkaði (Halldóra Sigríður Halldórsdóttir, 2019; Þuríður J. Jóhannsdóttir, 2017).

Ljóst er að markaðslögmál í menntun eiga misvel við eftir samhengi (Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018) og staðsetning er þar lykilþáttur (Beach og Arrazola, 2020; Fjellman o.fl., 2019; Rosvall o.fl., 2018). Hérlandis á hugmyndin um skólaval og markaðsvæðingu skóla því að mestu leyti við um skóla á höfuðborgarsvæðinu enda er nemendafjöldinn þar mikill og fjölbreytt framboð á skólum og námsbrautum. Það er því áhugavert að öðlast skilning á því hvernig markaðslögmálin snerta litla skóla í dreifbýli, þar sem staðarsamhengi þeirra er allt annað en á þeim vettvangi sem mest hefur verið rannsakaður í þessu tilliti.

VETTvangur, aðferð og framkvæmd

Þessi rannsókn er byggð á greiningu á viðtalsgögnum úr tveimur fámennum framhaldsskólum á landsbyggðinni. Gögnin eru hluti af stærri rannsókn sem níu framhaldsskólar tóku þátt í á árunum 2013–2015. Meginmarkmið þeirrar rannsóknar var að varpa ljósi á starfshætti í framhaldsskólum og þann margslungna bakgrunn og öfl sem móta þá (sjá Gerði G. Óskarsdóttur o.fl., 2018). Áhersla var lögð á að öðlast heildstæða sýn á aðstæður og sérstöðu hvers skóla, stefnumótun og starfshætti. Skólarnir níu voru valdir af handahófi úr lagskiptu úrtaki framhaldsskóla, með tilliti til stærðar, gerðar og staðsetningar. Skólarnir tveir sem þessi grein tekur til voru einu skólarnir í rannsókninni sem teljast vera fámennir skólar í dreifðum byggðum (sbr. Beach o.fl., 2018). Skólarnir eru í byggðakjörnum þar sem íbúar eru undir 2.000 talsins og helstu atvinnuvegir eru í frumvinnslugreinum, svo sem sjávarútvegi eða landbúnaði, og í þjónustugreinum, eins og ferðaþjónustu.

Skólarnir hafa fengið gervinöfnin Hrefnuskóli og Vörðuskóli. Nemendur beggja skóla voru færri en 200 þegar rannsóknin fór fram og þeir þjóna fyrst og fremst nemendum í viðkomandi byggðakjörnum eða litlum þorpum og sveitabæjum í nágrenninu. Vörðuskóli var stofnaður milli 1970 og 1990, en á þeim tíma voru stofnaðir tæplega 20 framhaldsskólar víðsvegar um landið (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006). Hrefnuskóli á sér styttri sögu. Til að virða trúnað við skólana verða ekki gefnar nákvæmari upplýsingar um staðsetningu þeirra og sérstöðu.

Greinarhöfundar, og nokkrir aðrir rannsakendur, heimsóttu skólana og dvöldu þar daglangt við gagnaöflun, sem fólst bæði í einstaklings- og hópviðtölum sem og vettvangsatvöngunum í kennslustundum. Í því skyni voru tekin einstaklingsviðtöl við skólameistara,

millistjórnanda og tvo kennara úr mismunandi námsgreinum í hvorum skóla, auk hópviðtala við alls níu nemendur. Viðmælendur voru því 17 talsins úr þessum tveimur skólum. Viðmælendur voru valdir á ólíkan hátt eftir hlutverki þeirra í skólanum. Í Hrefnuskóla var eitt hópviðtal við fjóra nemendur og í Vörðuskóla voru hópviðtölin tvö við alls fimm nemendur.

Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sem voru sniðnir að hlutverki þeirra sem rætt var við. Nokkur sameiginleg þemu voru leiðarstef í öllum viðtölunum, eins og skólamenning og starfsandi. Stjórnendur voru sérstaklega spurðir út í sérstöðu og einkenni skólans sem og innleiðingu námskrár og stefnumótun. Styrkleiki gagnanna felst meðal annars í því að þau varpa ljósi á starfsemi skólanna, staðblæ þeirra og sérstöðu út frá sjónarhorni nemenda, kennara og skólastjórnenda og gefa því dýpri og merkingarbærari innsýn en ef aðeins hefði verið um að ræða viðtöl við fulltrúa úr einum þessara hópa. Ákveðinn veikleiki er að notaður var sami viðtalsrammi hvort sem viðmælendur störfuðu eða námu við skóla í dreifðum byggðum eða stærri byggðarlögum, en þó var í öllum tilfellum sérstaklega rætt um staðsetningu, aðstæður og stærð skólanna í viðtölum við stjórnendur. Ekki var lögð sérstök áhersla á að ræða í þau atriði sem tengjast staðsetningu skólanna í viðtölum við kennara og nemendur. Gögn úr þeim viðtölum eru því ekki jafn ríkuleg og viðtalsgögn við stjórnendur, og útskýrir það af hverju gögn úr viðtölum við stjórnendur eru fyrirferðarmeiri í niðurstöðum sem hér eru kynntar.

Skólameistarar skólanna veittu leyfi fyrir rannsókninni en allir þátttakendur voru svo upplýstir um tilgang hennar og gáfu samþykki sitt fyrir þátttöku í viðtölunum. Þátttakendur voru jafnframt upplýstir um fyrirhugaða notkun gagnanna, þ.e. að ætlunin væri að vinna úr þeim niðurstöðum til birtingar og umræðu á innlendum og erlendum vettvangi. Viðtölin, sem voru öll 60 til 90 mínútna löng, voru hljóðrituð og svo afrituð orðrétt áður en þau voru greind. Við greiningu gagnanna var vinnulagi Braun og Clarke (2013) fylgt við þema-greiningu. Fyrst lásúm við í gegnum öll viðtölin, merktum við mikilvæg atriði og skrifuðum minnisatriði við hvert viðtal. Að því loknu voru viðtölin kóðuð á markvissan hátt, þar sem leitað var að umræðu sem gæti varpað ljósi á stöðu skólanna sem lítilla skóla í dreifðari byggðum, með áherslu á að öðlast skilning á samfélagslegu mikilvægi skólanna í því samhengi sem þeir starfa í og samkeppnisstöðu þeirra á íslenskum framhaldsskólavettvangi.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Niðurstöður verða kynntar og ræddar í tveimur undirköflum. Annað þemað beinir sjónum að mikilvægi skólans fyrir nærsamfélagið en hitt hverfist um hinn flókna skólamarkað sem skólarnir eru hluti af og hinar ýmsu áskoranir sem fylgja þeim raunveruleika.

Tilvera skólans mikilvæg nærsamfélaginu

Rauður þráður í orðum viðmælenda var hversu mikilvæg tilvist skólanna væri fyrir nærsamfélagið, enda gegndu þeir fjölþættum hlutverkum. Auk þess að bjóða ungu fólki upp á menntun í heimabyggð héldu þeir að nokkru leyti uppi menntunarstigi á sínu svæði. Þó þeir væru ekki stórir vinnustaðir byggju þeir yfir vel menntuðu starfsfólki og væru meðal stærri vinnustaða í viðkomandi sveitarfélögum. Millistjórnandi í Vörðuskóla sagði

raunar að „[skólinn skipti] höfuðmáli fyrir samfélagið til þess að það í rauninni haldi áfram að vera til og haldi í sitt fólk og geti ... boðið fólki upp á sómasamlegt líf hérna“. Skólameistarinn tók undir og útskýrði hlutverk skólans þannig:

[Vörðuskóli] gegnir náttúrulega mjög miklu hlutverki ... er náttúrulega búinn að útskrifa hér alveg helling af nemendum og sem betur fer slatta af fólki sem hefur komið aftur hér til vinnu og starfa, hérna í heimabyggð, sem er mjög mikilvægt. Þetta er náttúrulega stór vinnustaður, hér eru náttúrulega bæði kennarar og starfsmenn í öðrum störfum en kennslu ... þó að fækki hér fólki þá skiptir skólinn alveg gríðarlega miklu máli fyrir samfélagið.

Mikilvægi þess að nemendur gætu verið áfram í sinni heimabyggð og þyrftu ekki að fara burt 16 ára kom ítrekað upp í viðtölunum. Í því samhengi má benda á orð skólameistara Hrefnuskóla:

Þetta örvar mig í starfi því ... það er alltaf einhver ... sem að fær tækifæri í lífinu í gegnum svona skóla og við erum auðvitað að fást við mikið af brotnum einstaklingum sem að fóru að heiman með drauma einhversstaðar í stórum skóla annarsstaðar þar sem þeir bíða skipbrot ... þetta er bara svo viðkvæmt æviskeið og svo mikilvægt að vera með stuðning og utanumhald fjölskyldunnar á þessum tíma.

Að sögn millistjórnanda Hrefnuskóla voru dæmi um að nemendur hefðu neyðst til að flytja burt til að sækja nám annað og komið aftur heim til að geta lokið framhaldsskólunum í heimabyggð:

Það er dýrt að senda barn í framhaldsskóla og það sýndi sig náttúrulega ... þegar skólinn kemur í gagnið þá koma nemendurnir heim sem eru búnir að vera annarsstaðar, við erum ekkert að byrja bara með nemendum upp úr 10. bekk, heldur kom fullt af eldri nemendum.

Nemandi úr Vörðuskóla nefndi svipuð tilfelli, þar sem nemendur hefðu farið að heiman í skóla en átt erfitt með aðstæður. Einn sagði: „það er voða mikið um stráka sem fóru ... en voru ekkert að haga sér alltof vel. Þannig að þeim var bara kippt aftur heim sko“. Einnig voru dæmi um viðmælendur sem fóruðu ýmsu til að geta verið heima lengur og fá þannig stuðning frá fjölskyldunni. Nemandi í Vörðuskóla sem hafði hug á starfsnámi sagði til að mynda að hann hefði samt sem áður valið bóknámsbraut í Vörðuskóla til að geta verið „heima aðeins lengur“.

Á tíma rannsóknarinnar hafði Vörðuskóli starfað í tæplega 30 ár, en Hrefnuskóli átti sér styttri sögu. Hart var barist fyrir stofnun Hrefnuskóla, ekki síst með þeim rökum að börn þyrftu ekki að fara að heiman 16 ára. Millistjórnandi í Hrefnuskóla útskýrði þetta með þessum orðum:

Ég tel að þetta hafi verið að mörgu leyti lífsspursmál, nemendur fóru náttúrulega 16 ára meira og minna, það er undantekning í dag að nemandi fari ekki í framhaldsskóla, og þeir fóru í burtu og foreldrar fóru gjarnan á eftir, ef að, segjum að nemendur hafi staðið eitthvað höllum fæti þá fylgdu bara foreldrarnir og þá voru þeir bara farnir.

Þannig taldi stjórnandinn að tilvist skólans væri ekki aðeins mikilvæg fyrir nemendur heldur einnig liður í því að sporna gegn fólksfækkun. Rímar þetta við eina af meginröksemdum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2006) fyrir stofnun nýrra skóla á landsbyggð-

inni. Af orðum viðmælenda má merkja hversu mikilvægur skólinn er í samfélaginu, enda sé hann atvinnuskapandi og vinni að einhverju leyti gegn neikvæðri byggðaþróun, eins og rannsóknir erlendis hafa einnig sýnt (Autti og Hyry-Beihammer, 2014; Åberg-Bengtsson, 2009; Woods, 2006).

Niðurstöður fyrri rannsókna hafa sýnt að kostnaður við nám hefur áhrif á val nemenda á skóla (Fjellman o.fl., 2019), og það helst í hendur við þá staðreynd að landsbyggðarnemendur eru líklegri til að velja skóla út frá staðsetningu (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Magnús Þorkelsson, 2011). Eins og kemur fram í dæmunum hér að framan fléttast mikilvægi þess að geta verið lengur heima hjá fjölskyldunni saman við hinn mikla kostnað sem getur fylgt því að þurfa að sækja framhaldsskóla fjarri heimili. Staða starfsnáms í dreifðum byggðum er í því sambandi sérstakt áhyggjuefni. Stúlka úr hópi viðmælenda greindi frá því að hún hefði flutt að heiman til að sækja starfsnám í öðrum framhaldsskóla en svo hefði það reynst of stór biti fyrir fjölskylduna svo hún hefði þurft að koma heim og fara í bóknám við Vörðuskóla „af því að þetta var orðið alltof dýrt ... mamma og pabbi búa hér, og ég var á [heimavist] og það er bara alltof dýrt“. Þekkt er að nemendur á landsbyggðinni sem vilja stunda starfsnám þurfa í mörgum tilfellum að fara að heiman fyrr en jafnaldrar þeirra sem leggja stund á bóknám. Í þessu sambandi bendir Guðrún Ragnarsdóttir (2018) á að nemendur í dreifðari byggðum sem stefna á starfsnám byrji gjarnan í bóknámi til stúdentsprófs til að geta stundað nám nærri heima högum fyrstu misserin í framhaldsskóla, þrátt fyrir að það nýtist þeim lítið sem ekkert í því starfsnámi sem þeir stefna að síðar. Því er brýnt að finna leiðir til að auka aðgengi nemenda á landsbyggðinni að starfsnámi og skoða vel fjölbreytni námsframboðs á landsbyggðinni, enda benda rannsóknir til þess að landsbyggðarnemendur séu áhugasamari um starfsnám en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu (Guðrún Björg Karlsdóttir, 2014; Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Það rímar við rannsóknir erlendis og í því sambandi hefur mikilvægi staðarsamhengis, atvinnutækifæra, efnahagslegrar stöðu foreldra og fyrirmynda í nærumhverfi nemenda verið dregið fram þegar námsval og staða ungs fólks á landsbyggðum er skoðað (sjá t.d. Rosvall o.fl., 2018).

Hér má greina kosti þess að hafa val um skóla í heimabyggð, bæði fyrir þau sem ekki höfðu fjárhagslega burði til að standa straum af kostnaði við nám fjarri heimili og sömu leiðis vegna þess að börnin þurftu á því að halda að geta verið heima lengur, af persónulegum og félagslegum ástæðum. Í ljósi fyrri rannsókna þarf það ekki að koma á óvart, þar sem foreldrar í dreifðari byggðum hafa gjarnan áhyggjur af skertum tengslum við börn sín (Líney Björg Sigurðardóttir, 2010) og fjarlægð frá fjölskyldu getur verið liður í vanlíðan og brotthvarfi nemenda (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Um leið er ljóst að þessir nemendur höfðu í raun ekki val um skóla, og sú sem hafði hug á starfsnámi þurfti að velja nám þvert á áhugasvið sitt, en það virðist oft vera hlutskipti nemenda utan höfuðborgarsvæðisins (Guðrún Björg Karlsdóttir, 2014; Svanhildur Svavarsdóttir, 2010).

Báðir skólar lögðu sig fram við að skapa tengingar við atvinnulíf á svæðinu. Millistjórnandi úr Vörðuskóla talaði í því ljósi um mikilvægi þess að skólinn væri hluti af samfélaginu: „þá náttúrulega má hann ekki vera bara einhversstaðar með einhverjar allt aðrar áherslur heldur en er að gerast“. Þannig höfðu til dæmis báðir skólar reynt að tengjast ferðaþjónustufyrirtækjum á svæðinu og í tilfelli Vörðuskóla hafði samstarfið verið formgert þannig

að nemendur gátu fengið einingar fyrir störf sín á vettvangi. Aðrar rannsóknir hafa á sama hátt dregið fram mikilvægi tengsla dreifbýlisskóla og atvinnulífs á svæðinu (sjá t.d. Beach o.fl., 2018; Halldóru Sigríði Halldórsdóttur; 2019; Þuríði J. Jóhannsdóttur, 2017).

Að auki sáu stjórnendur í báðum skólum tækifæri í því að nýta nærumhverfið til að dýpka nám nemenda og tengja það við raunveruleikann. Þetta er í takt við rannsóknir á erlendum vettvangi sem bent hafa á að skólar í dreifðum byggðum nýti styrkleika nærsamfélagsins og dragi með markvissum hætti inn í námið náttúru, sögu og menningu svæðisins (Beach og Arrazola, 2020; Beach o.fl., 2019). Til dæmis var mikið leitað til náttúrunnar í náttúruvísindanámi í Vörðuskóla og skólameistari Hrefnuskóla greindi frá samvinnu við fyrirtæki á svæðinu, sem komu reglulega í heimsóknir í skólann og ræddu við nemendur um nýsköpun, auk þess sem nemendur skólans hafa fengið að fara í fyrirtæki og vinna og fengið það metið sem hluta af námi sínu. Skólameistarinn sagði enn fremur:

við finnum að samfélagið, að við skiptum máli fyrir samfélagið þannig ... ef við biðjum um eitthvað, það er alltaf sjálfsagt, það er sama hvort það eru iðnaðarmenn, hvort það eru fyrirtæki, hvort að einhver komi ... það er alltaf sjálfsagt.

Orð kennara úr Vörðuskóla staðfestu þennan velvilja nærsamfélagsins í garð skólans. Ef vantaði tæki eða efni í skólann var leitað til fyrirtækja í bænum og máluðum var „bjargað“ á hagkvæman hátt. Einnig nefndu kennarar og stjórnendur dæmi um samvinnu við aðra aðila í nágrenninu, til dæmis á sviði símenntunar og rannsókna. Þannig mátti greina mikilvægi styðjandi nærumhverfis fyrir starf skólanna og sömuleiðis hvernig þeir nýttu sér kosti strjálbýlisins til að glæða námið lífi og merkingu. Það voru því fólgin tækifæri í staðarsamhenginu sem skólar í dreifðari byggðum nýta gjarnan til að styrkja og treysta tengsl við samfélagið. Það rímar við niðurstöður annarra rannsókna á gildi fámennra skóla (Beach o.fl., 2019; Hargreaves o.fl., 2009).

Flókin skólamarkaður

Uppökusvæði beggja skóla einskorðaðist við næsta nágrenni þeirra, en nemendur voru yfirleitt úr næsta þéttbýliskjarna, nálægum þorpum og af sveitabæjum. Stjórnendur skólanna lýstu í því samhengi viðkvæmri stöðu þeirra á menntamarkaði og stöðugri baráttu þeirra við að fá nægilega marga umsækjendur um skólavist. Það voru ýmsir samverkandi þættir sem viðhéldu og ýttu undir þessa stöðu. Fámennið ógnaði báðum skólum en Vörðuskóli var þó í enn viðkvæmari stöðu, þar sem fólksfækkun úr nærsamfélaginu var meiri en í tilfelli Hrefnuskóla. Stærð skólanna olli því að námsframboð þeirra var takmarkað og þeir þurftu að sjá á eftir nemendum úr nágrenninu sem kusu að flytja burt til að sækja framhaldsskóla annars staðar, að þeirra sögn ýmist til að eiga kost á starfsnámi eða vegna samspils fjölskylduhefða og samkeppni við stærri skóla í þéttbýli sem oftast eru ofar í stigveldinu.

Stjórnendur skólanna þurftu þar af leiðandi að vera vakandi fyrir leiðum til að laða nemendur að skólunum og viðhalda þannig ásættanlegum nemendafjölda. Í því sambandi lýsti skólameistari Hrefnuskóla því hvernig hún sótti fram og tók virkan þátt í skólamarkaðnum, eins og sjá má á eftirfarandi tilvitnun.

Sko, samkeppni er bara góð en til þess að fara í hana þarftu að marka sérstöðu, þú þarft að hafa eitthvað það sérstakt sem aðrir eru ekki með og síðan þarftu bara að markaðssetja það og það höfum við gert þannig að við höfum verið vaxandi ... okkur vantar ekki nemendur. Og það er t.d. hópur sem að ég er svolítið áhugasöm um, þeir eru núna [nokkrir] einstaklingar sem að höfðu náð sér á strik eftir neyslu í Reykjavík, eru stödd þarna einhvers staðar í kringum 25 ára aldurinn, geta ekki brauðfætt sig af því að hlutirnir eru dýrir í Reykjavík, velta fyrir sér möguleikum og sjá það ef þau fara út á land þá borga þau ódýrari húsaleigu, gætu hugsanlega fengið vinnu og gætu komist í framhaldsskóla ... þetta [eru] afburðanemendurnir mínir.

Þarna lýsir skólameistari árangursríkri viðleitni skólans til að skapa sér sérstöðu í samkeppni um nemendur. Það er vel þekkt að skólar sem lúta markaðsvæðingu skólavals reyni að marka sér sérstöðu og höfða til ákveðinna nemendahópa og yfirleitt eru það námslega sterkir nemendur sem þeir vilja laða til sín (Ball, 2006; Bergman og McFarlin, 2018; Dovemark og Arreman, 2017). Vegna staðsetningar þurfti Hrefnuskóli að sigta út nemendahóp sem aðrir skólar börðust ekki um, þar sem þeir voru ekki á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og höfðu lagt lykkjur á leið sína í gegnum lífið. Í tilfalli Hrefnuskóla voru þeir í hópi afburðanemenda skólans.

Meðan skólameistari Hrefnuskóla lýsti nokkuð markvissum leiðum til að vera virkur þátttakandi á menntamarkaðnum lýsti millistjórnandi í Vörðuskóla aftur á móti viðhorfi sem endurspeglar óvirkari þátttöku á þeim markaði og vilja til að þjóna nemendum í heimabyggð, sama hvernig þeir eru staddir námslega. Í sambandi við markaðssetningu á skólanum sagði hann:

[Við] markaðssetjum okkur sem þjónusta í heimabyggð, það er bara það ... við náttúrulega tökum inn bara alla nemendur, alveg sama á hvaða vegi þeir eru staddir ... það eina sem við getum gert er að bjóða uppá eins gott nám og við getum og halda því á lofti og hérna og þá vonandi fáum við flesta.

Hér lýsir stjórnandi í Vörðuskóla viðleitni skólans til að bjóða öllum nám, sama hvar þeir eru staddir námslega. Í öðru og stærra samhengi má færa rök fyrir því að þeir nemendur hefðu ekki verið sérstaklega eftirsóttir (sjá Ásgerði Bergsdóttur og Berglindi Rós Magnúsdóttur, 2018), enda hefur það sýnt sig að fámennari skólar í dreifðum byggðum setja gjarnan rýmri inntökuskilyrði og veita flestum eða öllum nemendum viðtöku (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018).

Þrátt fyrir skort á fjármagni reyndi Vörðuskóli að halda úti mjög fámennri braut til að geta boðið upp á nám fyrir nemendur úr nágrenninu sem höfðu ekki fundið sig í bóklegu námi. Þegar millistjórnandi ræddi um tilvist þeirrar brautar lagði hann áherslu á samfélagslega skyldu skólans til að sinna þessum nemendum: „það verður auðvitað eitthvað námsframboð að vera fyrir þessa nemendur, það er náttúrulega fræðsluskylda til 18 ára aldurs“. Skólameistari tók í sama streng þegar hann ræddi þessa nýju braut:

Við erum að basla við það að halda úti [braut] sem að við teljum sko mjög góða fyrir þessa nemendur sem að hafa ekki fundið sig í grunnskólunum en eru samt ekki starfsbrautarnemendur, þú skilur. Og eru svona á mörkunum og vilja gera eitthvað en ekki fara í íslensku og dönsku og þessar bóklegu greinar þannig að við fórum af stað í haust með [nýja braut] með fjóra nemendur.

Eðli málsins samkvæmt er rekstur á slíkri braut erfiður, enda sagði einn kennarinn þegar hann ræddi um þessa nýju braut: „ráðuneytið hrósaði okkur í hástert fyrir þessa braut, hvað hún væri flott og vel upp sett. Og sagði svo í næstu setningu: þið fáið enga peninga til að keyra þetta.“ Þarna má einnig sjá ólíkar áherslur skólanna þegar kemur að markaðssetningu og tilraunum til að laða að ákveðinn hóp nemenda, þar sem Vörðuskóli er háður nærumhverfinu, sveiflum í fólksfjölda og fjölda nemenda sem þurfa sérstaka nálgun í námi. Skólinn leggur sig fram um að sinna þeim hópi og tekur ekki virkan þátt í markaðssetningu út fyrir svæðið. Hrefnuskóli lagði aftur á móti meiri áherslu á að marka sér sérstöðu og stækka upptökusvæði sitt til að laða til sín hóp nemenda sem gekk vel í námi, og tók þannig virkari þátt í samkeppni á menntamarkaði. Þessar ólíku áherslur má setja í samhengi við niðurstöður rannsóknar Beach og Arrazola (2020), en þau benda á tvöns konar leiðir sem einkenna þátttöku fámennra dreifbýlisskóla á menntamarkaði. Annars vegar er það sem þau kalla „segulskóla“ (e. magnet schools), en það eru skólar sem reyna á virkan hátt að laða að nemendur utan svæðisins, með því að nýta staðbundin gæði til að búa til ímynd og lokka til sín nemendur af öðrum upptökusvæðum. Hinsvegar tala þau um samfélagsskóla (e. communitas schools), sem þjóna fyrst og fremst nærsamfélaginu og leggja sig fram við að þjóna þeim nemendum sem þar búa og hafa ekki val um aðra skóla. Þeir skólar sækja ekki jafn mikið fram í markaðssetningu fyrir ákveðinn markhóp. Á fyrrgreindum dæmum má sjá að Hrefnuskóli ber ákveðin einkenni segulskóla, með virkri þátttöku sinni í samkeppni um nemendur af öllu landinu, meðan Vörðuskóli tekur ekki þátt í þeirri samkeppni en lagar sig fyrst og fremst að aðstæðum í nærsamfélaginu hverju sinni.

Þegar kom að nærumhverfi skólanna var staða þeirra á menntamarkaðnum flókin og brothætt vegna þess að skamman tíma tók að „metta“ markaðinn. Þar áttu skólarnir það sammerkt að hafa gegnt mikilvægu hlutverki fyrir konur af svæðinu sem höfðu ekki náð að ljúka stúdentsprófi þegar þær voru á framhaldsskólaaldri. Millistjórnandi í Vörðuskóla greindi til að mynda frá því að skólinn hefði skipulagt styttri starfsnámsbrautir með sérstakri áherslu á að höfða til kvenna á svæðinu.

við vorum með ... styttri starfsnámsbrautir [með áherslu á kvennastéttir] ... Við mettuðum markaðinn hérna svolítið ... þetta voru náttúrulega aðallega konur ... sem að komu til okkar en hérna, svo var farið að fækka ansi hressilega og eftirspurnin farin að minnka þannig að við ákváðum svona að hvíla þetta í bili.

Eins og kemur fram í máli hans var þessi hópur takmarkaður og þörfin var því ekki lengur fyrir hendi. Kennari úr Hrefnuskóla lýsti sambærilegri metnun á markaðnum, þar sem konur af svæðinu sem hefðu átt eftir að ljúka stúdentsprófi hefðu sótt skólann: „[þ]etta hafa mikið verið svona bara konur af svæðinu. ... Ég held að við séum að verða búin að pikka þær allar upp þannig að þær eru að verða búnar.“ Á þennan hátt glíma skólarnir við sveiflur í eftirspurn og þurfa að sýna sveigjanleika og frumkvæði til að bregðast við viðkvæmum og síbreytilegum skólamarkaði, eins og aðrar íslenskar rannsóknir hafa sýnt (Halldóra Sigríður Halldórsdóttir, 2019; Þuríður J. Jóhannsdóttir, 2017). Á tíma rannsóknarinnar var lítil áhersla á fjarnám við Vörðuskóla en samkvæmt millistjórnanda í Hrefnuskóla gætti skólinn þess að leggja áherslu á kennsluhætti sem auðvelduðu skólunum að samtvinna fjarnám og staðnám: „þetta fyrirkomulag hefur líka auðveldað okkur

að taka við fjarnemum, við erum með fjarnema í sumum námshópum og staðnema og þetta gerir okkur kleift að gera það, að vera með þetta svona inni“. Þess ber að geta að á tíma rannsóknarinnar voru tiltölulega fáir nemendur í fjarnámi við Hrefnuskóla en það námsfyrirkomulag var hugsað sem tækifæri til að fá fleiri nemendur í skólann.

Þegar rætt var við nemendur skólanna kom í ljós að báðir glímdu skólarnir við neikvætt orðspor, sem tengdist bæði ætluðum gæðum þeirra og staðsetningu. Nemendur beggja skóla lýstu því þannig að hafa fengið að heyra frá öðrum að skólinn þeirra væri léttari en aðrir skólar, sem meðal annars var byggt á hugmyndum um stöðu skólanna, þar sem aðsókn að skólunum var ekki mikil og þeir gátu ekki valið úr hópi sterkra nemenda. Nemandi úr Vörðuskóla sagði til að mynda: „[s]vo er líka rosalega svona, margir sem að hafa bara svona fordóma fyrir [Vörðuskóla] ... og halda að hann sé bara mjög lélegur ... ég man að ég hafði það alveg sko.“ Nemandi úr Hrefnuskóla talaði líka um fordóma gagnvart skólunum, sem tengdust meðal annars þeirri hugmynd að skólinn tæki við þeim sem ekki kæmust inn í aðra skóla.

Í haust þegar allir voru að fá samþykki inn í skólana ... sem voru að útskrifast úr 10. bekk, þá var sko eitthvað fólk sem að ég þekki af því ég bjó fyrir sunnan ... hefur enga tengingu hingað beint ... þá kom eitthvað út af því að hann komst ekki inn í Versló, hvert á ég þá að fara og þá kommentuðu einhverjir, „þú kemst ekki neitt ... skelltu þér bara í [Hrefnuskóla]“. Bara eins og þetta væri svona skóli sem tæki þá sem enginn annar vildi.

Þegar nemendur voru spurðir af hverju þeir héldu að sumir jafnaldrar þeirra færu burt til að fara í aðra framhaldsskóla nefndu þeir viðhorf og fordóma gagnvart skólunum, þar sem þeir nemendur færu til að stunda nám í skólum sem þeir teldu að væru betri. Neikvæð viðhorf nemenda voru þó ekki aðeins bundin við skólana sjálfa heldur einnig staðsetningu þeirra. Í báðum tilfellum þóttu bæirnir ekki spennandi, enda fámennir. Nemandi úr Vörðuskóla sagði, „sumir eru bara, þola ekki [bæjarfélagið], eða eitthvað þannig sko, vilja bara komast í burt, strax“. Nemendur úr Hrefnuskóla ræddu þennan þátt líka og einn þeirra sagði til dæmis: „bara það að segjast vera frá [þessum bæ], skilurðu, fólk er, fær svona, oj, hvernig nennir þú að vera þar“. Eins og Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir (2018) hafa bent á helst stigveldi og virðingarstaða framhaldsskóla í hendur við möguleika til þess að velja inn nemendur með háar einkunnir úr grunnskóla. Orð viðmælenda okkar styðja þær niðurstöður en sýna jafnframt hversu miklu máli ímynd og staðarsamhengi skiptir (sjá einnig Öhrn, 2012).

Stjórnendur Hrefnuskóla minntust líka á að þeir hefðu upplifað neikvætt viðhorf gagnvart skólunum frá stjórnanda í stærri framhaldsskóla sem segja má að sé á sama upptöku-svæði og Hrefnuskóli, enda voru skólarnir þá að einhverju leyti komnir í samkeppni um sömu nemendurna:

það þarf ekkert að draga dul á það að [stjórnandinn] nefndi ... að það [væri] nú ekki æskilegt að við yrðum til ... og mér fannst þetta svolítið sérkennilegt vegna þess að á sama tíma gat skólinn ekki tekið inn alla nemendur sem í hann sóttu.

Hrefnuskóli þurfti þó ekki aðeins að glíma við fordóma og neikvæð viðhorf frá fólki utan bæjarins, heldur einnig frá íbúum í heimabyggð þegar stofnun skólans var í undirbúningi. Þessu lýsti skólameistari meðal annars með þessum orðum:

Það var ljóst í mínum huga að menn upplifðu kannski að þeir gætu ekki átt alvöru skóla heima hjá sér. Þannig að til að byrja með þá fór vinnan töluvert í bara að selja fólk þá hugmynd að það gæti átt góðan skóla ... og það má segja að ég fór bara í svona markaðsvinnu, heimsótti fyrirtæki ... fór á fundi og sagði frá hugmyndum og hvað við gætum gert.

Þegar rætt er um stöðu á menntamarkaði má einnig nefna samkeppni skólanna við atvinnulífið á svæðinu. Til að mynda þurfti Hrefnuskóli ekki aðeins að sannfæra samfélagið um að það gæti átt góðan skóla, heldur einnig að halda á lofti mikilvægi almennrar menntunar. Í þessu sambandi hefur verið bent á að eftirsóknarverðustu og best launuðu störfin í sjávarþorpum séu störf sjómanna, sem endurspeglast gjarnan í ólíkum fyrirætlunum stúlkna og drengja þegar kemur að námi, þar sem stúlkur flytja frekar burt til að afla sér menntunar (Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson, 2006). Um þetta sagði skólameistari Hrefnuskóla: „Ég er í samfélagi þar sem að það er ekki endilega það besta sem þú gerir í lífinu að klára framhaldsskóla. Ef þú færð pláss á togaranum, trúðu mér, þú hefur bestu tekjurnar.“ Þannig þurfti, að sögn skólameistarans, að sannfæra nemendur um að tilgangurinn með því að fara í framhaldsskóla væri ekki endilega sá að *verða eitt-hvað* heldur að öðlast menntun: „Til þess að fólk skilji að það ... skiptir ekki endilega mestu máli hvað þú lærir heldur að þú lærir.“ Þannig keppti skólameistariinn við aðdráttarafl atvinnulífsins á svæðinu með því að reyna að selja nemendum, einkum drengjum, þá hugmynd að almenn menntun væri mikilvæg í lífi þeirra, þrátt fyrir að atvinnutækifæri stæðu sumum til boða án framhaldsmenntunar.

Eins og þessi dæmi sýna er staða beggja skóla flókin þegar kemur að samkeppnisstöðu á menntamarkaði þar sem landið er eitt upptökusvæði. Þeir sinna nærsamfélaginu og fría sig ekki ábyrgð á því að bjóða upp á námstækifæri fyrir nemendur sem almennt þykja ekki eftirsóttir á menntamarkaði. Þó má velta fyrir sér að hvaða marki sé um að ræða raunverulega stefnumörkun skólanna eða einfaldlega eina af mörgum leiðum til að viðhalda tilvist sinni.

AÐ LOKUM

Markmið þessarar rannsóknar var að öðlast dýpri skilning á veruleika tveggja fámennra framhaldsskóla í dreifðum byggðum, með áherslu á að varpa ljósi á gildi þeirra í samfélaginu, stöðu þegar kemur að samkeppni um nemendur og leiðir þeirra til að styrkja tilvist sína. Af niðurstöðum er ljóst að veruleiki þessara tveggja skóla er um margt flókinn og ólíkur þar sem staðarsamhengi þeirra er mismunandi. Rannsóknin varpar ljósi á það hve hlutverk lítilla framhaldsskóla í dreifðum byggðum er margþætt og tilvist þeirra samfélagslega mikilvæg fyrir byggðarlögin og metin af viðmælendum sem hornsteinn þeirra. Skólarnir laða til sín menntað starfsfólk sem sinnir þar kennslu og öðrum mikilvægum störfum ásamt því að festa þar rætur með fjölskyldum sínum. Því er ljóst að tilvist skólanna er mikilvægur hlekkur í byggðapróun. Einnig styrkja skólarnir stefnu stjórnvalda um jafnrétti til náms með því að bjóða nemendum upp á menntun í heimabyggð. Sú stefna að stofna nýja framhaldsskóla í dreifðum byggðum, frekar en að fækka þeim, hefur því margvisleg jákvæð samfélagsleg áhrif. Þó er ljóst að mikilvægt er að jafna enn frekar aðgengi

nemenda á landsbyggðinni að starfsnámi. Í því samhengi má nefna mikilvægi Fjarmentaskólans, sem hefur styrkt sig í sessi eftir að þessi rannsókn fór fram.

Tilvera Hrefnuskóla og Vörðuskóla er brothætt og þeir geta ekki leyft sér kyrrstöðu, heldur þurfa þeir að þróa námsframboð sitt í takt við síbreytilegar aðstæður og vera næmir á þarfir samfélaganna, einfaldlega til að viðhalda tilvist sinni. Þeir leitast þannig við að bjóða upp á námsframboð sem hentar atvinnulífinu í byggðarlaginu, til viðbótar við hefðbundnari námsleiðir og þróun fjarnáms. Það er einnig athyglisvert hversu miklu hlutverki skólarnir gegna gagnvart nemendum sem þurfa sérstakan stuðning í námi, ólíkt mörgum rótgrónum framhaldsskólum á stærri upptökusvæðum sem sumir hverjir taka ekki við slíkum nemendahópum. Það sýnir hversu illa lögmál markaðarins eiga við um Vörðuskóla og Hrefnuskóla. Þó að landið sé eitt framhaldsskólavæði og gert sé ráð fyrir því að skólar geti keppt um nemendur og nemendur geti keppt um pláss í þeim skólum sem þeir kjósa helst á það alls ekki við um litla skóla í dreifðum byggðum. Um leið og skólarnir sinntu mikilvægu hlutverki þegar kom að menntun viðkvæmra nemendahópa börðust þeir við neikvætt orðspor vegna staðsetningar sinnar og voru í samkeppni við stærri framhaldsskóla í þéttbýli. Ljóst er að báðir skólarnir þurftu stöðugt að leita nýrra tækifæra til að viðhalda nemendafjölda, þó að annar þeirra hafi nýtt sér leikreglur markaðarins á markvissari hátt. Í ljósi meginniðurstaðna greinarinnar er mikilvægt að hafa í huga staðarsamhengi og ólíkar aðstæður skóla, nemenda og foreldra þegar rætt er um jafnrétti til náms í markaðsvæddu skólaumhverfi. Jafnframt er mikilvægt að huga að samspili stöðugrar viðleitni til að bregðast við stöðu á skólamarkaði og ígrundaðrar umræðu og stefnumótunar um gæði og umgerð þess náms sem er í boði.

HEIMILDIR

- Autti, O. og Hyry-Beihammer, E. K. (2014). School closures in rural Finnish communities. *Journal of Research in Rural Education*, 29(1), 1–17. <https://jrre.psu.edu/sites/default/files/2019-08/29-1.pdf>
- Åberg-Bengtsson, L. (2009). The smaller the better? A review of research on small rural schools in Sweden. *International Journal of Educational Research*, 48(2), 100–108. <https://doi.org/10.1016/j.ijer.2009.02.007>
- Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018). Ólíkur félagslegur og menntapólitískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla: Nám til stúdentsprófs í 20 ár af sjónarhóli framhaldsskólakennara og -stjórnenda. *Sérrið Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. https://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/12.pdf
- Ball, S. (2006). *Education policy and social class*. Routledge.
- Ball, S. og Youdell, D. (2008). *Hidden privatisation in higher education*. https://pages.ei-ie.org/quadrennialreport/2007/upload/content_trsl_images/630/Hidden_privatisation-EN.pdf
- Beach, D. og Arrazola, M. B. V. (2020). Community and the education market: A cross-national comparative analysis of ethnographies of education inclusion and involvement in rural schools in Spain and Sweden. *Journal of Rural Studies*, 77, 199–207. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2020.05.007>

- Beach, D., From, T., Johansson, M. og Öhrn, E. (2018). Educational and spatial justice in rural and urban areas in three Nordic countries: A meta-ethnographic analysis. *Education Inquiry*, 9(1), 4–21. <https://doi.org/10.1080/20004508.2018.1430423>
- Beach, D., Johansson, M., Öhrn, E., Rönnlund, M. og Rosvall, P. Å. (2019). Rurality and education relations: Metro-centricity and local values in rural communities and rural schools. *European Educational Research Journal*, 18(1), 19–33. <https://doi.org/10.1177%2F1474904118780420>
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magndís Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunarauðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir. (2018). „Bara ekki mínar týpur“: Sjálfsmyndarsköpun, félagsleg aðgreining og framhaldsskólaval. *Sérřit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. https://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/13.pdf
- Bergman, P. og McFarlin, I., Jr. (2018). *Education for all? A nationwide audit study of school choice*. NBER Working Papers 25396. https://www.nber.org/system/files/working_papers/w25396/w25396.pdf
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research. A practical guide for beginners*. Sage.
- Bæck, U.-D. (2015). Rural location and academic success – Remarks on research, contextualization and methodology. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 60(4), 435–448. <https://doi.org/10.1080/00313831.2015.1024163>
- Connell, R. (2013). The neoliberal cascade and education: An essay on the market agenda and its consequences. *Critical Studies in Education*, 54(2), 99–112. <https://doi.org/10.1080/17508487.2013.776990>
- Dovemark, M. og Arreman, I. E. (2017). The implications of school marketisation for students enrolled on introductory programmes in Swedish upper secondary education. *Education, Citizenship and Social Justice*, 12(1), 49–62. <https://doi.org/10.1177/1746197916683466>
- Dovemark, M., Kosunen, S., Kauko, J., Magnúsdóttir, B. R., Hansen, P. og Rasmussen, P. (2018). Deregulation, privatisation and marketisation of Nordic comprehensive education: Social changes reflected in schooling. *Education Inquiry*, 9(1), 122–141. <https://doi.org/10.1080/20004508.2018.1429768>
- Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2018). Þversagnir og kerfisvillur. Kortlagning á ólíkri stöðu bóknáms- og starfsnámsbrauta á framhaldsskólástigi. *Sérřit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. https://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/07.pdf
- Farrugia, D. (2014). Towards a spatialised youth sociology: The rural and the urban in times of change. *Journal of Youth Studies*, 17(3), 293–307. <https://doi.org/10.1080/13676261.2013.830700>
- Fjellman, A.-M., Hansen, K. Y. og Beach, D. (2019). School choice and implications for equity: The new political geography of the Swedish upper secondary school market. *Educational Review*, 71(4), 518–539. <https://doi.org/10.1080/00131911.2018.1457009>

- Gerður G. Óskarsdóttir og rannsóknarhópurinn. (2018). Starfshættir í framhaldsskólum: Aðdragandi og framkvæmd rannsókna 2012–2018. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. http://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/01.pdf
- Guðrún Björg Karlsdóttir. (2014). *Viðhorf nemenda í 10. bekk til bóknáms og starfsnáms í framhaldsskóla* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/19897>
- Guðrún Ragnarsdóttir. (2018). *School leaders' perceptions of contemporary change at the upper secondary school level in Iceland. Interaction of actors and social structures facilitating or constraining change* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands].
- Hagstofa Íslands. (2018). Helmingur kvenna á aldrinum 25–64 ára með háskólamenntun. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/mannfjoldi-eftir-menntunarstodu-2017/>
- Hagstofa Íslands. (2020). *Hagtíðindi. Mannfjöldapróun 2019*. <http://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2020/74073418-d413-4b02-9387-bcb8dc46aabb.pdf>
- Halldóra Sigríður Halldórsdóttir. (2019). „Þegar búið er að tengja þá getur allt mögulegt gerst“. *Innsýn í skólastarf Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/34104>
- Hammer, P. C., Georgia, H., McClure, C., Reeves, C. og Dawn, S. (2005). *Rural teacher recruitment and retention practices: A review of the research literature, national survey of rural superintendents, and case studies of programs in Virginia*. Edvantia.
- Hargreaves, L., Kvalsund, R. og Galton, M. (2009). Reviews of research on rural schools and their communities in British and Nordic countries: Analytical perspectives and cultural meaning. *International Journal of Educational Research*, 48(2), 80–88. <https://doi.org/10.1016/j.ijer.2009.02.001>
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn*. Háskólaútgáfan.
- Jónína Hrönn Símonardóttir. (2016). *Er hver vegur að heiman, vegurinn heim? Náms- og starfsferill fólks sem útskrifast úr fámennum skóla á landsbyggðinni* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/26144>
- Kilpatrick, S., Jones, S., Mulford, B., Falk, I. og Prescott, L. (2002). *More than an education: Leadership for rural school-community partnerships* [Rural Industries Research and Development Corporation Publication No. 02/055]. <http://citeseerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.475.8436&rep=rep1&type=pdf>
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir. (2016). *Sérkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla. Afstaða og skuldbinding til náms, líðan og stuðningur foreldra og skóla*. <http://hdl.handle.net/1946/26433>
- Lind, T. og Stjernström, O. (2015). Organizational challenges for schools in rural municipalities: Cross-national comparisons in a Nordic context. *Journal of Research in Rural Education*, 30(6), 1–14.
- Líney Björg Sigurðardóttir. (2010). *Stuðningur og hvatning foreldra til framhaldsskólagöngu barna sinna: Skiptir búseta máli?* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/6175>
- Lundahl, L., Arreman, I. E., Holm, A.-S. og Lundström, U. (2013). Educational marketization

- the Swedish way. *Education Inquiry*, 4(3), 497–517. <https://doi.org/10.3402/eduiv4i3.22620>
- Magnús Þorkelsson. (2011). Hverjir eru valkostir nýnema í framhaldsskólum? *Ráðstefnu-rit Netlu – Menntakvika 2011*. <http://hdl.handle.net/1946/12428>
- Mennta- og menningarmálaráðherra. (2014). *Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum skólaárin 2007–2008, 2008–2009 og 2009–2010*. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2014/11/11/Skyrsla-mennta-og-menningarmalaradherra-til-Althingis-um-framkvaemd-skolastarfs-i-grunnskolum-skolaarin-2007-2008-2008-2009-og-2009-2010/>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2006). *Skýrsla um staðsetningu nýrra framhaldsskóla*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritog-skyrslur/skyrsla_stadsetning_nyrra_frnsk.pdf
- Reglugerð um framhaldsskóla nr. 105/1990.
- Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 98/2000.
- Rosvall, P.-Å., Rönnlund, M. og Johansson, M. (2018). Young people’s career choices in Swedish rural contexts: Schools’ social codes, migration and resources. *Journal of Rural Studies*, 60(4), 43–51. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2018.02.007>
- Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólanámi? Skólaheimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekkinga um framhaldsskóla og námsbrautir* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4774>
- Woods, M. (2006). Redefining the “rural question”: The new “politics of the rural” and social policy. *Social Policy and Administration*, 40(6), 579–595. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9515.2006.00521.x>
- Pingskjal nr. 429/2015–2016. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur um fjölda nemenda í framhaldsskólum.
- Þorlákur Axel Jónsson. (2019). Er búsetumunur á námsárangri þegar ólík þjóðfélagsstaða er tekin með í reikninginn? *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(1), 63–87. <https://doi.org/10.24270/tuom.2019.28.4>
- Þóroddur Bjarnason. (2018). Staðsetning háskóla og menntabil í háskólamenntun. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/01.pdf>
- Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. (2006). Should I stay or should I go? Migration expectations among youth in Icelandic fishing and farming communities. *Journal of Rural Studies*, 22(3), 290–300. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2005.09.004>
- Þuríður J. Jóhannsdóttir. (2017). Creating a school that matters: Networking for school-community development. *Journal of Curriculum Studies*, 50(3), 297–314. <https://doi.org/10.1080/00220272.2017.1337812>
- Öhrn, E. (2012). Urban education and segregation: The responses from young people. *European Educational Research Journal*, 11(1), 45–57. <https://doi.org/10.2304/eerj.2012.11.1.45>

Greinin barst tímaritinu 14. apríl 2021 og var samþykkt til birtingar 26. október 2021.

UM HÖFUNDANA

Valgerður S. Bjarnadóttir (vsb@hi.is) er nýdoktor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar hafa beinst að stefnumótun og skólaþróun, kynjajafnrétti, lýðræðislegu hlutverki háskóla og nemendaáhrifum. Valgerður er með BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands, meistaraþráðu í alþjóðamenntunarfræðum frá Stokkhólmsháskóla og doktorsgráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Að auki hefur hún lokið kennslufræðum til kennsluréttinda. Valgerður starfaði sem framhaldsskólakennari um árabíl.

Guðrún Ragnarsdóttir (gudrunr@hi.is) er dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Sérsvið hennar er kennslufræði, skólaþróun, starfsþróun, starfstengd leiðsögn og stjórnun skóla. Guðrún er menntaður lífeindafræðingur (BSc) og er með kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi. Að auki er hún með diplómagráðu í opinberri stjórnsýslu, meistaraþráðu í lýðheilsufræðum og doktorsgráðu í menntavísindum. Guðrún hefur starfað sem framhaldsskólakennari og millistjórnandi í framhaldsskólum. Einnig hefur hún tekið að sér fjölbreytt verkefni á sviði menntunar fyrir Evrópuráðið.

“WE MATTER TO SOCIETY”: SOCIETAL IMPORTANCE AND COMPLEX MARKET POSITION OF TWO RURAL UPPER SECONDARY SCHOOLS

ABSTRACT

Previous studies on schools in rural areas have signified their importance for the communities concerned, for various reasons. Yet, research on education is most often approached from urban perspectives and theories, focusing more on what the rural areas lack in comparison to urban areas, instead of emphasizing their local value. Therefore, researchers have argued for the importance of studying the ruralities from different perspectives, acknowledging and contextualizing different realities and contexts. This study is an attempt to do so, by focusing on two different rural upper secondary schools, with the aim of exploring the value they bring to their local communities and the challenges they face in a marketized upper secondary school environment.

The paper presents an analysis of semi-structured interviews with school leaders (N=4), teachers (N=4), and students (N=9) from two small rural schools in Iceland. The two schools participated in a larger research project on Upper Secondary School Practices, conducted in 2013–2015. The two schools presented here were the only schools in the sample that can be considered rural schools. They had fewer than 200 enrolled students and were in small villages in sparsely populated areas. The interview frameworks

were different depending on the group that was being interviewed. However, some common themes were discussed, such as the school ethos and identity, policy implementations, school choice, and competition. The interviews were all about 60–90 minutes long and were transcribed verbatim before they were analyzed. The analysis of the data followed Braun and Clarke’s (2013) steps of thematic analysis which involved reading the interviews carefully more than once, adding comments and writing familiarization notes to each of them. Then the data set was coded by conducting focused coding, which involved reading the interviews a few more times while making exploratory comments and further developing them into codes, centering on patterns related to the rural challenges and local value.

The findings show evidence of the importance of upper secondary schools for rural education in Iceland, different and complex conditions of the two observed schools, and the various and diverse challenges they face in light of their rural contexts. The demand for upper secondary education in rural areas turned out to be an important aspect of social justice. The leaders and the teachers sought to serve the nearest community and offer educational opportunities for those living there. By so doing, they increased the educational level in the rural setting, counteracted rural depopulation, and attracted educated teachers and their families to the community.

In the students’ case, access to schools in the local community was important, particularly for those without the means to choose another school in larger towns. The lack of access to vocational education was addressed and the fact that students enrolled in academic programs, to which they did not aspire, only to be able to stay longer at home. However, the schools fought a constant battle for students; even students that no other school was targeting. Also, it was a matter of course for the schools to offer education for students that needed support. Thus, while the more prestigious upper secondary schools in urban areas are in the position to cherry pick students, based on their previous grades, the rural schools try to offer study programs for all students in respective areas. The study shows how the market principles concerning school choice do not apply to rural schools and their students. The paper highlights the importance of small rural schools and the importance of different local contexts. It also raises challenging questions about the complex education market in Iceland and the weak competitive position of small rural schools.

Key words: rural education, upper secondary schools, marketization, spatiality, social justice

ABOUT THE AUTHORS

Valgerður S. Bjarnadóttir (vsb@hi.is) is a postdoc at the School of Education, University of Iceland. Her research areas include educational policy analysis, gender equality, the democratic role of universities, and student influence. Valgerður holds a BA degree in education from the University of Iceland, an MSc in international and comparative education from Stockholm University, and a PhD from the School of Education, University of Iceland. She also holds a teacher certification diploma in teacher education and has worked as an upper secondary school teacher.

Guðrún Ragnarsdóttir (gudrunr@hi.is) is an associate professor in the Faculty of Education and Pedagogy, School of Education, University of Iceland. Her research interests include pedagogy, school development, professional development, and school leadership. Guðrún holds a BSc degree in biomedical science and two diplomas, one in education and another in public administration. She has also completed a master's degree in public health and a PhD in education from the University of Iceland, School of Education. Guðrún has worked as a primary school teacher, upper secondary teacher and a school leader, as well as having been a teacher trainer for the Council of Europe.